

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Borgarbraut 14, Borgarnesi
Stillholti 16-18, Akranesi
kt. 550399-2299
Símar: 433 7117 og 433 1070

Alþingi
Erindi nr. P 135/2495
komudagur 5.5.2008

Borgarnesi, 30. apríl 2008.

Nefndasvið Alþingis
b.t. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um 524. mál, frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, EES-reglur, breyting ýmissa laga.

Á fundi heilbrigðisnefndar Vesturlands sem haldinn var í dag var rætt um fyrirbyggjandi frumvarp til breytinga á lögum nr. 93/1995 með síðari breytingum. Nefndin er fylgjandi fyrirbyggjandi frumvarpi í flestum atriðum en vill þó gera eftirfarandi athugasemdir:

1. Matvælaöryggi á Íslandi er með því besta sem þekkist í heiminum. Tekist hefur með ströngum reglum að fyrirbyggja að kjöt af menguðum (sýktum) afurðum berist á markað án viðunandi meðferðar. Þetta á ekki síst við um kjöt af alifuglum og alisvínnum. Ekki verður annað séð en þetta matvælaöryggi versni verði frumvarpið að lögum.
2. Heilbrigðisnefndin lýsir áhyggjum sínum yfir því að ekki sé tryggt að menguð matvæli berist ekki inn í landið. Ekkert eftirlit fer fram á matvælunum fyrr en þau eru komin í verslanir eins og skilja má af lagafrumvarpinu.
3. Óeðlilegt þykir að með 4. gr. að heilbrigðisnefndum beri að fylgja leiðbeiningum og viðmiðunum Matvælastofnunar. Með þessu hefur Matvælastofnun boðvald með fyrirtæki sveitarfélaganna.
4. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um fólk sem starfar í matvælaiðnaði skv. texta frumvarpsins. Mikilvægt þykir að slíkar reglur séu settar og því væri eðlilegt að ráðherra skuli setja þessa reglugerð. Lengi hefur verið barist fyrir að slíkar reglur væru settar enda mikið í húfi m.a. vegna tíðra mannskípta í störfum matvælaiðnaðar.
5. Hvað varðar sýnatökur í verslunum er ekki ljóst hvaða viðbótarkostnað það hefur í för með sér og hver eigi að bera hann.
6. Ekki ljóst hvernig bregðast eigi við ef matvæli eru flutt inn frá þriðja landi í gegnum ESB land. Ekki verður séð að rekjanleiki komi í veg fyrir slíkan innflutning.

7. Ekki verður séð að kostnaðarreikningur hafi farið fram vegna ákvæða sem finna má í frumvarpinu. Ljóst er að eftirlit með matvælum mun aukast hjá heilbrigðiseftirlitinu við innflutning matvæla. Þetta á ekki hvað síst við um hrá matvæli.

Sveitarfélög hafa ítrekað bent á mikilvægi þess að áhrif laga og reglugerða séu kostnaðarmetin. Heilbrigðisnefndin mótmælir því að ekki skuli liggja fyrir kostnaðaráhrif laganna né hvaða kostnað heilbrigðiseftirlitið komi til með að bera verði frumvarpið að lögum.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


frankv. stj. heilbrigðiseftirlits
VESTURLANDS